

12. september 2018

Frásögn af þriðja fundi starfshóps um samræmd könnunarpróf

Fundinn sátu: Brynhildur Sigurðardóttir, Eðvald Einar Stefánsson, Helgi Arnarsson, Hjördís Albertsdóttir, Margrét Harðardóttir, Svanhildur K. Sverrisdóttir, Sverrir Óskarsson og Þórður Kristjánsson.

Á fundinum var farið yfir samantekt laga og reglugerða um samræmd próf í grunnskólum og þróun þeirra frá árinu 1995. Meðal þess sem fram kom og rætt var um:

- Ekki hefur verið mikill ágreiningur um gerð prófanna í 4. og 7. bekk.
- Mikill ágreiningur alla tíð um prófin við lok grunnskóla og í framhaldsskóla.
- 2008 var starfandi stór samráðshópur um grunnskólalögin, þar á meðal samræmdu prófin.
- Starfshópurinn var sammála um að prófin í 10. bekk verði ekki inntökupróf í framhaldsskóla.
- Prófabanki, úrskurður nefndar um upplýsingalög.
- Núverandi próf virðast ekki vera rétta próftækið. Leysa þarf vandamálið með birtingu prófatriða og þá togstreitu sem hefur myndast milli prófanna sem leiðbeinandi tækis og þess verkefnis MMS að byggja upp prófabanka.
- Skoða prófin frá MMS og öðrum löndum.
- Kynningarpróf frá 2010–2012 á vef MMS. Sömuleiðis próf frá 2014.
- Láta meta hvaða hæfniviðmið aðalnámskrár eru ekki metin í prófunum.
- Gera þarf skipurit yfir gerð og uppbyggingu prófa, t.d. þetta er hæfniviðmið og svona er það metið; þetta erum við að meta og svona metum við það.
- Eru skólarnir almennt að nota niðurstöður prófanna?
- Hefur barn rétt til að neita að skoða/sýna prófin sín? Fjalla sérstaklega um rétt barna.
- Gjáin milli virku og skráðu námskrárinnar – eru prófin í einhverju samræmi við skráðu námskrána?

Fram kom tillaga um að óskað yrði eftir sýnishorni af prófum frá þeim löndum hafa verið til skoðunar og að starfshópurinn skoðaði þau á hálf dagsfundi síðar í ferlinu.

Næsti fundur fer fram 19. september 2018 í fundarsal á 4. hæð í mennta- og menningarmálaráðuneyti. Gestur þess fundar verður Ingvar Sigurgeirsson.